

Tillaga til þingsályktunar

um birtingu alþjóðasamninga í C-deild Stjórnartíðinda.

Flm.: Inga Sæland, Ásthildur Lóa Þórsdóttir, Eyjólfur Ármannsson,
Guðmundur Ingi Kristinsson, Jakob Frímann Magnússon, Tómas A. Tómasson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að:

- grípa til aðgerða sem tryggi að þeir alþjóðasamningar sem Ísland er aðili að en hafa ekki verið birtir í C-deild Stjórnartíðinda verði birtir fyrir lok aprílmánaðar 2024,
- tryggja að birting alþjóðasamninga í Stjórnartíðindum fari fram með reglulegum hætti.

Greinar gerð.

Tillaga sama efnis var áður lögð fram á 151., 152. og 153. löggjafarþingi (109. mál).

Það er grundvallarkrafa í réttarríki að lög séu birt þannig að hver sem þess óskar geti kynnt sér efni þeirra. Stjórnartíðindi hafa það lögbundna verkefni að birta opinberlega lög, reglugerðir og alþjóðasamninga. Óbirt fyrirmæli binda stjórnvöld frá gildistöku þeirra en til þess að þeim megi beita gagnvart borgurunum verður fyrst að birta þau í Stjórnartíðindum, sbr. 8. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005. Því er afar mikilvægt að birting laga, reglugerða og alþjóðasamninga fari fram reglulega og á traustum grundvelli.

Því miður er það svo að birting alþjóðasamninga hefur ekki gengið nógu vel. Í álitsgerð Páls Hreinssonar um valheimildir sóttvarnalæknis og heilbrigðisráðherra til opinberra sóttvarnaráðstafana kom fram að alþjóðaheilbrigðisreglugerðin hefði ekki verið birt í C-deild Stjórnartíðinda. Um áhrif þess sagði Páll: „Lagalegar afleiðingar þess eru m.a. þær að við innleiðingu almennra sóttvarnaráðstafana við komu og brottför farþega frá Íslandi er ekki hægt að vísa til C-deilda um efni reglnanna, sbr. 2. mgr. 2. gr. og 2. mgr. 3. gr. laga nr. 15/2005, um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað.“ Þegar stjórnvöld grípa til mikilvægra aðgerða sem fela í sér innngrip í líf borgaranna, eins og landamæraskimunar, er það grafalvarlegt mál að þær séu að hluta byggðar á fyrirmælum í óbirtum alþjóðasamningum. Alþjóðaheilbrigðisreglugerðin er langt frá því að vera einsdæmi, en Ísland er aðili að fleiri en 300 alþjóðasamningum sem ekki hafa verið birtir í C-deild Stjórnartíðinda. Kerfislegur vandi virðist því vera fyrir hendi við birtingu alþjóðasamninga. Bjarni Már Magnússon, forseti lagadeildar Háskóla Íslands Á Bifröst, hefur tekið sterkt til orða og sagt ástandið vera hneyksli.

Stjórnvöld hafa gefið þær skýringar að birting samninga sé kostnaðarsöm og því hafi ekki verið tækt að birta þá alla. Þetta vekur furðu í ljósi þess að þegar er búið að vinna stóran hluta vinnunnar, þ.e. að þýða samningana. Eflaust felst kostnaður í vinnu við að yfirfara þegar þýdda alþjóðasamninga og birta þá á vef Stjórnartíðinda en kostnaðurinn er varla svo mikill að það komi í veg fyrir birtingu. Ekki kemur slík vinna í veg fyrir birtingu laga og reglugerða.

Ef stjórnvöld geta ekki sinnt lögbundnum skyldum sínum vegna fjárskorts ber þeim að leita lausna til að ráða bót á vandanum. Ef skortur er á fjárheimildum ber ráðherra að leggja til auknar fjárveitingar til málaufloksins.

Umræða um birtingu alþjóðasamninga og gagnrýni fræðimanna virðist hafa skilað ákveðnunum árangri. Árið 2021 voru birtar 44 auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda, árið 2022 64 auglýsingar og það sem af er ári hafa verið birtar 45 auglýsingar. Þetta er mikil framför því að árin á undan mátti gjarnan telja fjölda auglýsinga á fingrum annarrar handar.

Lagt er til að ríkisstjórninni verði falið að grípa til aðgerða sem tryggi að þeir alþjóðasamningar sem ekki hafa verið birtir í C-deild Stjórnartíðinda verði birtir fyrir lok aprílmánaðar 2024. Það tímamark ætti að gefa ríkisstjórninni nægt svigrúm til að tryggja að fjárhæimildir komi til. Þá er jafnframt lagt til að fela ríkisstjórninni að endurskipuleggja starfsemi Stjórnartíðinda svo að tryggt verði að birting alþjóðasamninga gangi hnökralaust fyrir sig í framtíðinni.